

16. gr.

Ef ágreiningur verður milli dómara, sker atkvæði formanns úr.

Formaður gefur út dómsgerðir verðlagsdóms í nafni dómsins og með innsigli hans undir, og skulu dómarnir birtir.

17. gr.

Meðdómendur í verðlagsdómi skulu taka sama kaup fyrir starfa sinn og meðdómendur í sjóðómi.

18. gr.

Áfrýjun mála til hæstaréttar frá verðlagsdómi fer að hætti áfrýjunar opinberra mála.

19. gr.

Hver sá, er vanrækir að láta fjárhagsráði, verðgæzlustjóra eða embættis- og starfsmönnum þeim, sem þessir aðilar til þess setja, í té skýrslur þær, er honum er skylt að gefa samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal sæta 20—200 króna dagsektum.

Sá, sem gefur sömu aðilum rangar skýrslur vísitandi eða vegna vítaverðs gáleysis, sæti refsingu samkvæmt XV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 1940.

Broð gegn öðrum ákvæðum laga þessara, reglum eða samþykktum settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200 þús. kr. Ef miklar sakir eru eða afbroð er ítrekað, skal sökunautur sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum og sviptur atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal heimil vera.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur þá úr gildi III. kafli l. nr. 70 frá 5. júní 1947 og umboð verðlagsstjóra, starfsmanna hans í verðlagseftirlitinu og trúnaðarmanna, þó ekki fyrr en skipaður hefur verið verðgæzlustjóri og hann tekið til starfa.

Gjört í Reykjavík, 27. apríl 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

um ónæmisadgerðir.

36

27. apríl

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ónæmisadgerðir, sem lög þessi taka til, eru bólusetning gegn

1. bólusótt (kúabólusetning),
2. barnaveiki,
3. taugaveiki,
4. kikhósta,
5. berklaveiki,

- 36** 6. öðrum sóttum, er til greina koma hér á landi, ef virk ónæmisaðgerð gegn þeim
27. apríl verður kunn,
7. enn öðrum sóttum, þegar sérstaklega stendur á, einkum í sambandi við ferðir manna úr landi.

2. gr.

Í Reykjavík og annars staðar, þar sem heilsuverndarstöðvar hafa með höndum almennt eftirlit með ungbörnum, skal í sambandi við framkvæmd eftirlitsins kúabólusetja (frumbólusetja) hvert barn í umsjá stöðvarinnar, eftir að það er orðið misserisgamalt, en áður en það er ársgamalt.

Nú verður kúabólusetningu barns samkvæmt þessari grein ekki komið við í tæka tíð vegna sjúkleika barnsins eða annars, og skal þá heilsuverndarstöðin annast kúabólusetningu þess jafnskjótt sem því verður við komið.

3. gr.

Þar, sem ekki er heilsuverndarstöð, sem hefur með höndum ungbarnaftirlit, skulu foreldrar og aðrir forsjármenn ungbarna eiga kost á og gera ráðstafanir til að fá þau kúabólusett (frumbólusett), eftir að þau eru orðin misserisgömul, enda gera sér far um að fá því lokið, áður en þau eru tveggja ára.

Kúabólusetningu samkvæmt þessari grein annast heilsuverndarstöðvar, þar sem þær eru, en ella héraðslæknar. Þegar sérstaklega stendur á, er þó héraðslækni heimilt að fela ljósmóður eða öðrum hæfum bólusetjara að annast þessa kúabólusetningu í sínu umboði.

4. gr.

Nú er barn komið á skólaaldur og hefur ekki verið kúabólusett samkvæmt 2. og 3. gr., og skal þá skólalæknir (héraðslæknir), jafnframt því sem skólaskoðun er framkvæmd, gera ráðstafanir til þess, að barnið verði kúabólusett (frumbólusett) þegar á fyrsta skólaári, en ef því verður ekki við komið, þá svo fljótt sem við verður komið.

Kúabólusetningu samkvæmt þessari grein annast heilsuverndarstöðvar, þar sem þær eru, en ella skólalæknir (héraðslæknir) sjálfur, jafnframt því sem skólaskoðun er framkvæmd, eða skólahjúkrunarkona undir eftirliti hans, ef hennar er völ.

5. gr.

Skólalæknir (héraðslæknir) skal gera ráðstafanir til þess, að sérhvert skólabarn sé kúabólusett á ný (endurbólusett), eftir að það er orðið fullra 10 ára, en áður en það er 13 ára.

Um framkvæmd kúabólusetningar samkvæmt þessari grein fer á sama hátt sem um framkvæmd kúabólusetningar samkvæmt 4. gr.

6. gr.

Nú ferst kúabólusetning samkvæmt 5. gr. fyrir, og skal þá barn það eða unglingur, er í hlut á, eiga kost á kúabólusetningu (endurbólusetningu) á heilsuverndarstöð, þar sem hún er, en ella hjá héraðslækni.

7. gr.

Almenningi skal gera kost ónæmisaðgerða samkvæmt 1. gr., 2. og 5. tölulið, svo og eftir því sem þörf kann að krefja samkvæmt 3., 4., 6. og 7. tölulið, samkvæmt hinum síðast nefnda tölulið þó aðeins að svo miklu leyti sem við verður komið.

Ónæmisaðgerðir samkvæmt þessari grein annast heilsuverndarstöðvar, þar sem þær eru, en ella héraðslæknar.

8. gr.

36

27. apríl

Þegar ætla má, að sérstakar starfsstéttir eigi öðrum fremur á hættu að sýkjast af hættulegri sótt (svo sem farmenn á sjó eða í lofti, lækna, hjúkrunarfólk, sótt-gæzlumenn o. s. frv.), er héraðslækni heimilt í samráði við landlækni að gera ráð-stafanir til þess, að fólk úr þeim stéttum verði bólusettt gegn þeirri sótt, sem um er að ræða. M. a. kemur hér til greina kúabólusetning um fram það, sem fyrir er mælt í 2.—6. gr.

Þegar mikil sóttþætta er yfirvofandi, er ráðherra heimilt að fyrirskipa almenna bólusetningu gegn þeirri sótt, sem um er að ræða, og láta ná til tiltekinna svæða, eða landsins í heild, ef þurfa þykir.

9. gr.

Heilsuverndarstöðvar og héraðslæknar ákveða í samráði við landlækni og gera almenningi nægilega kunnugt, hvernig framkvæmdum ónæmisaðgerða samkvæmt lög-um þessum skuli hagað, svo að almenningur eigi hæfilega greiðan aðgang að þeim, eftir því, sem til hagar á hverjum stað, og hafi þeirra sem fyllst not.

Berklayfirlæknir hefur yfirstjórn bólusetningar gegn berklaveiki og segir fyrir um framkvæmd hennar.

10. gr.

Nú kemur í ljós, að bóluefni, sem notað hefur verið til ónæmisaðgerðar samkvæmt lögum þessum, hefur verið óvirkt, og skal þá sú ónæmisaðgerð metin ógerð, og sé um ónæmisaðgerð að ræða, sem skylt er að undirgangast, skal hún endurtekin með virku bóluefni, svo fljótt sem við verður komið.

Ef vitað er, að kúabóla hefur ekki komið út, og óvirku bóluefni þó ekki um að kenna, skal endurtaka kúabólusetningu (frumbólusetningu, endurbólusetningu), eftir því sem við verður komið, og frumbólusetningu tvisvar, ef á sama hátt fer í annað sinn.

11. gr.

Við framkvæmd ónæmisaðgerða samkvæmt lögum þessum skal þess gætt að þyrpa fólki sem allra minnst saman til aðgerðanna.

12. gr.

Landlæknir gerir úr garði og lætur heilsuverndarstöðvum og héraðslæknum í té sérstakar skirteinibækur, ónæmiskirteini. Skal sérhver sá, er leitar ónæmisaðgerðar hjá þessum aðilum, hafa slíka skirteinibók í höndum, varðveita hana trúlega og láta skrá í hana allar ónæmisaðgerðir, er hann undirgengst samkvæmt lögum þessum.

13. gr.

Ekki má staðfesta barn, né gefa saman hjón, nema ónæmisskirteini hlutaðeiganda heri með sér, að hann hafi verið kúabólusettur samkvæmt ákvæðum laga þessara. Sömu skilyrðum skal og háð, að fólk fái inngöngu í framhaldsskóla og aðra skóla en barnaskóla. Setja mega skólar, einkum heimavistarskólar, ríkari inngönguskil-yrði, að því er varðar ónæmisaðgerðir.

Ekki má ráða hjúkrunarkonur, hjúkrunarnema eða þjónustufólk sjúklinga að berklahælum eða öðrum stofnunum, þar sem vistaðir eru berklasjúklingar, nema það svari jákvætt við berklapróf, ella undirgangist berklabólusetningu, áður en það hefur vistina. Sama gildir um læknanema, er nám stunda við slíkar stofnanir.

14. gr.

Heilsuverndarstöðvar og héraðslæknar skulu skrá í bækur sínar eða spjaldskrár þá, er þeir gera á ónæmisaðgerðir samkvæmt lögum þessum, enda vera við því búnir að gefa vottorð þar að lútandi, ef á þarf að halda, svo sem ef ónæmiskirteini glatast.

36 Kúabólusetningar og aðrar ónæmisaðgerðir skólalækna (héraðslækna) í barnaskól-
27. apríl um skal þó skrá í nemendaskrá hlutaðeigandi skóla.

15. gr.

Héraðslæknar skulu í ársskýrslu sinni á þar til gerðu eyðublaði, er landlæknir lætur í té, gera skýrslu um ónæmisaðgerðir þær, sem framkvæmdar hafa verið í héraði þeirra á árinu samkvæmt lögum þessum. Skal skýrslan bera með sér, gegn hverjum söttum hefur verið bóluset, og hversu margir gegn hverri sött.

16. gr.

Lyfjaverzlun ríkisins annast útvegum bóluefnis til ónæmisaðgerða samkvæmt lögum þessum. Kostnaður af öflun kúabóluefnis og annars bóluefnis til ónæmisaðgerða, sem framkvæmdar eru á opinberan kostnað samkvæmt 17. gr., greiðist úr ríkissjóði.

17. gr.

Kostnað af framkvæmd kúabólusetningar svo og bólusetningar gegn barnaveiki og berklaveiki af hendi heilsuverndarstöðva samkvæmt lögum þessum skal telja með kostnaði af rekstri stöðvanna.

Kostnað af framkvæmd almennrar berklabólusetningar utan heilsuverndarstöðva, en á vegum berklafirlæknis, skal greiða af berklavarnafé.

Skólalæknum (héraðslæknum), sem hafa umsjón með eða annast kúabólusetningu í barnaskólum jafnframt skólaeftirliti samkvæmt 4. eða 5. gr., ber ekki fyrir það aukreitis þóknun.

Nú framkvæmir héraðslæknir, þar sem ekki er heilsuverndarstöð, kúabólusetningu samkvæmt 3. eða 6. gr., og ekki er til að dreifa vanrækslu þeirra, sem kúabólusetningarinnar leita, og greiðist þá kostnaðurinn af aðgerðinni úr ríkissjóði samkvæmt gjaldskrá héraðslækna.

Kostnaður af framkvæmd fyrirskipaðra ónæmisaðgerða samkvæmt 8. gr. greiðist úr ríkissjóði samkvæmt gjaldskrá héraðslækna eða samkvæmt samningi við heilsuverndarstöðvar og héraðslækna, eftir því, sem henta þykir.

Kostnað af framkvæmd annarra ónæmisaðgerða samkvæmt lögum þessum greiða hlutaðeigendur sjálfir samkvæmt gjaldskrá héraðslækna, að svo miklu leyti sem sjúkrasamlög taka ekki á sig kostnaðinn.

18. gr.

Heimilt er ráðherra að setja reglugerð, þar sem kveðið er nánar á um einstök atriði varðandi framkvæmd laga þessara, þ. á m. um tilhögun hinna einstöku ónæmisaðgerða.

19. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, þar á meðal vanræksla að leita ónæmisaðgerðar, sem skylt er að undirgangast, varða sektum, 100—10000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

20. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1951, þó ekki ákvæði 13. gr. um ónæmisskirteini fyrr en jafnóðum sem lögin koma til framkvæmda, og gilda þá fyrst um sinn bóluvottorð samkvæmt fyrri bólusetningarlögum.

Jafnframt því sem lög þessi ganga í gildi, falla úr gildi lög nr. 34 27. september 36 1901, um bólusetningar, svo og lög nr. 16 22. október 1912, um breyting á þeim lögum. 27. apríl

Gjört í Reykjavík, 27. apríl 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

37

29. apríl

um framlenging á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950, skal gilda til 20. maí 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.